



Samningskaup Akstursþjónusta fatlaðs fólks, eldri borgara og fatlaðra skólabarna Fylgiskjal 1 - Kröfur Strætó bs. til rekstrarvagna

Júní 2014



Efnisyfirlit

| | | |
|----------|---|----------|
| 1 | Almennt | 2 |
| 1.1 | Hurðir | 2 |
| 1.2 | Gólf | 2 |
| 1.3 | Sæti | 2 |
| 1.4 | Hjólástóll | 2 |
| 1.5 | Bílbelti | 3 |
| 1.6 | Rampi og lyftupallur | 3 |
| 1.7 | Geymslurými | 3 |
| 1.8 | Handföng | 3 |
| 1.9 | Leiðarmerking | 3 |
| 1.10 | Litur og merkingar | 4 |
| 1.11 | Upphitun og loftskipti | 4 |
| 1.12 | Gluggar | 4 |
| 1.13 | Ljós | 4 |
| 1.14 | Reykingar | 5 |
| 2 | Kröfur til mismunandi gerða rekstrarvagna | 5 |
| 2.1 | Rekstrarvagn af gerð I: 9 farþega hjólástólabifreið | 5 |
| 2.2 | Rekstrarvagn af gerð II: Hjólástólabifreið | 5 |
| 2.3 | Rekstrarvagn af gerð III: 9 farþega | 5 |
| 2.4 | Rekstrarvagn af gerð IV: 4 farþega | 5 |

Myndaskrá

| | | |
|-----------|--|---|
| Mynd 1.1: | Ytra útlit rekstrarvagna í reglubundinni akstursþjónustu | 4 |
|-----------|--|---|



1 Almennt

Hér eru settar fram kröfur Strætó bs. til rekstrarvagna fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna.

Rekstrarvagnar skulu standast þær kröfur sem hér eru settar fram ásamt því að uppfylla kröfur allra laga og reglugerða varðandi farþegaflutninga og/eða leigubifreiðaakstur ásamt því að vera að lágmarki tryggðir með lögbundnum tryggingum. Rekstrarvagnar skulu enn fremur henta íslenskum aðstæðum og íslensku veðurfari og uppfylla kröfur yfirvalda um búnað og umferðaröryggi.

1.1 Hurðir

Allar hurðir fyrir farþega á rekstrarvögnum þurfa að vera þannig útbúnar að þær haldist opnar á meðan farþegar eru að fara inn og út úr rekstrarvagninum.

Kant við inn- og útstig í rekstrarvagni I skal að merkja sérstaklega með lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að ganga um rekstrarvagn. Æskilegt er að kantur við inn- og útstig í rekstrarvagn II og III sé einnig merktur með lit sem sker sig frá umhverfinu.

1.2 Gólf

Gólfefni í rekstrarvagni I, II og III skal vera með skriðöruggu yfirborði sem ekki er hægt að fjarlægja. Allar hæðarbreytingar á gólfi eins og tröppur skulu merktar sérstaklega með lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að ganga um rekstrarvagn.

1.3 Sæti

Lágmarkssætafjöldi byggist á tegund rekstrarvagns. Öll sæti skulu snúa í akstursstefnu. Aðgengi að öllum sætum skal vera auðvelt og skulu þau vera vönduð, þægileg og bólstruð af framleiðanda.

Sæti þurfa að vera bólstruð með tauáklæði. Sæti skal vera með háu baki eða hnakkapúða sem styður við höfuð. Litur áklæðis og litur á gólfefni skal vera ólíkur þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að átta sig á innréttingu rekstrarvagns.

Sæti við miðgang í rekstrarvagni I skulu vera með örmum sem hægt er að fella niður. Æskilegt er að sæti við miðgang í rekstrarvagni II og III séu með örmum sem hægt er að fella niður.

Sæti við miðgang í rekstrarvagni I skulu vera með handföngum við höfuðpúða. Æskilegt er að sæti við miðgang í rekstrarvagni II og III séu með handföngum við höfuðpúða.

Bil á milli sæta skal vera að lágmarki 700mm. Æskilegt er að bil á milli sæta sé meira en 750mm á sem flestum sætum. Bil á milli sæta skal mælt í 600mm hæð frá framhlið baks (í miðju sæti) til bakhliðar á bakinu fyrir framan sætið eða vegg.

1.4 Hjólastóll

Hjólastól skal vera hægt að festa í fjórum hornum. Í hverju hjólastólarými skulu vera festingar sem eru niðurfelldar í gólf. Tvær festingar skulu vera aftan við hvern hjólastól og a.m.k ein fyrir framan. Mælt er til að festingar að framan séu tvær. Ef notuð er ein festing að framan skal hún vera fyrir miðju en að öðru leiti skal bil á milli festinga vera sem næst breidd hjólastóls.

Allir rekstrarvagnar sem skráðir eru fyrir hjólastól skulu vera með bakstuðningi og höfuðpúða fyrir hreyfihamlaða farþega sem fluttir eru í hjólastólum. Bakstuðningur og höfuðpúði skal vera fyrir að minnsta kosti tvo hjólastóla í hverjum rekstrarvagni sem skráður er fyrir tvo hjólastóla eða fleiri.

Hjólástól skal snúa fram eða aftur, Óheimilt er að snúa hjólástól út á hlið eða á ská.

Sjá nánar reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja og Evróputilskipun 2001/85 (DIRECTIVE 2001/85/EC).

1.5 **Bílbelti**

Öll sæti rekstrarvagna skulu vera útbúin með þriggja punkta bílbeltum.

Alla rekstravagnar sem skráðir eru fyrir hjólástól skulu vera með a.m.k. þriggja festu öryggisbelti fyrir farþega í hjólástól, eða annan öryggisbúnaði sem hæfir flutningi hins hreyfihamlaða. Öryggisbeltin skulu fest við yfirbyggingu rekstrarvagns eða með festingum tengdum yfirbyggingu. Öryggisbelti fyrir farþega í hjólástól þarf að vera stillanlegt í hæð.

Öryggisbelti skal notað á meðan á akstri stendur.

Laus öryggisbelti til framlengingar fastra öryggisbelta skulu vera til staðar í öllum rekstrarvögnum.

Sjá nánar reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja og Evróputilskipun 2001/85 (DIRECTIVE 2001/85/EC).

1.6 **Rampi og lyftupallur**

Ef hæð frá jörðu og upp í gólf rekstrarvagns er meiri en 100mm þá skal rekstrarvagn vera útbúinn með rampa eða lyftupalli fyrir hjólástól.

Rampi skal vera í heilu lagi. Halli þarf að vera undir 15%. Breidd rampa þarf að vera a.m.k. 800mm og brúnir hliða þurfa að vera a.m.k. 30mm háar. Rampi þarf að vera sem stytur þannig að meðferð hans sé þægileg og hann nýtist þjónustunni sem best. Gera má ráð fyrir að rekstrarvagn þurfi að geta lækkað sig með loftfjöðrun og hneigingarbúnaði eða vera í lággólfsútfærslu til að geta uppfyllt þessar þarfir.

Lyftupallur þarf að vera a.m.k. 800mm breiður og a.m.k. 1.000mm langur. Á lyftupalli þarf að vera útafaksturshindrun og búnaður sem varnar því að hjólástóll geti runnið út af pallinum.

Lyftupallur þarf að geta lyft a.m.k. 300 kg.

Yfirborð rampa og lyftupalls skal vera skriðöruggt, bæði í þurru og votu veðri.

Sjá nánar reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja og Evróputilskipun 2001/85 (DIRECTIVE 2001/85/EC).

1.7 **Geymslurými**

Allir rekstrarvagnar þurfa að vera með geymslurými þannig að hægt sé að geyma útbúnað og handfarangur á öruggan og þægilegan hátt.

1.8 **Handföng**

Inn í rekstrarvögnum I, II og III þurfa að vera handföng beggja vegna við inn- og útganga og þau þurfa að vera nægilega mörg fyrir öruggt og þægilegt ferðalag. Öll handföng skuli vera í lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að finna þau. Æskilegur litur er gulur (RAL 1028, Melongelb).

1.9 **Leiðarmerking**

Möguleiki er á að verkkaupi vilji semja um að ákveðinn hluti rekstrarvagna verði búnir skiltakössum ásamt hugbúnaði til að forrita þá og verður það þá tekið upp í samningaviðræðum. Í slíkum tilfellum gildir eftirfarandi.

Skilti skulu vera læsileg í öllum birtuskilyrðum og hvenær sem er.

Framan á fyrrgreindum rekstrarvögnum þarf að vera leiðaskilti sem sýnir leiðarnúmer og áfangastað.

Á hægri hlið fyrrgreindra rekstrarvagna þarf að vera leiðaskilti sem sýnir leiðanúmer.

Leiðaskiltin þurfa að vera í eftirfarandi stærðum:

Að framan:

- ▶ Fjöldi punkta í hæð: Minnst 24
- ▶ Fjöldi punkta í breidd: Minnst 160
- ▶ Heildardíóðufloötur: Minnst 300 x 1.580 mm.

Hægri hlið:

- ▶ Fjöldi punkta í hæð: Minnst 24
- ▶ Fjöldi punkta í breidd: Minnst 160
- ▶ Heildardíóðufloötur: Minnst 200 x 270 mm.


1.10

Litur og merkingar

Rekstrarvagnar í reglubundinni akstursþjónustu skulu vera málaðir rauðir (RAL 3020) og með gulum hornum (RAL 1028, Melongelb) samanber mynd 1.1.

Þegar um einhverja minni hluti er að ræða á rekstrarvagninum, er hægt að fallast á að þeir séu svartir, állitir eða króm, en að öðru leiti er engin undanþága frá þessum litum.

Rekstrarvagnar í tilfallandi akstursþjónustu skulu vera með sýnilegt merki í framrúðu til að gefa viðskiptavinum til kynna að ökutækið sé í akstri fyrir verkkaupa. Verkkaupi útveggar merkingarnar.



Mynd 1.1: Ytra útlit rekstrarvagna í reglubundinni akstursþjónustu

1.11

Upphitun og loftskipti

Hitakerfi í rekstrarvögnum skal vinna þannig að jafn hiti verði í öllum rekstrarvagninum. Hitastigið á að liggja á milli 18°C og 22°C. Bæði hita- og loftræsikerfi eiga að sjá til þess að loftskipti og hitun séu án óþægilegs dragsúgs.

1.12

Gluggar

Allir rekstrarvagnar skulu vera með hliðargluggum í farþegasvæðum.

1.13

Ljós

Lýsing í rekstrarvögnum þarf að vera jöfn. Hægt þarf að vera að kveikja ljósið eftir þörfum þannig að farþegin geti gengið án vandræða um rekstrarvagninn.

Í ákveðnum tilvikum (engin veglýsing, í rigningu, snjókomu o.s.frv.) þarf að vera möguleiki á að deyfa ljósið til að koma í veg fyrir endurskin í framrúðu.

Ljós eiga að vera við allar út- og inngöngudyr.

Við allar inn- og útstigshurðir þarf að vera ljós sem lýsir niður á útstigssvæðið þ.e. á gangstéttina, vegöxlina o.s.frv. Ljósið má bara lýsa þegar hurðarnar eru opnar. Ljósið skal þá vera samþætt í hurðaropnuninni.



1.14 Reykingar

Rekstrarvagnar skulu vera reyklusir. Rafrænar sígarettur, munn- og neftóbak eða annað þess háttar jafngildir hefðbundnum sígarettum og er því einnig bannað.

2 Kröfur til mismunandi gerða rekstrarvagna

2.1 Rekstrarvagn af gerð I: 9 farþega hjólastólabifreið

Rekstrarvagn skal vera skráður fyrir a.m.k. 9 farþega (fyrir utan bílstjóra). Allir rekstarvagnar skulu hafa útbúnað fyrir a.m.k. tvo farþega í hjólastól. Heimilt er að hafa t.d.tvö eða að hámarki fjögur farþegasæti fellanleg. Þannig að rekstrarvagninn taki í þeim tilfellum færri farþega í sæti. Samhliða sæti skulu ekki vera færri en tvö, helst fjögur. Öll sæti skulu snúa fram og aðgengi að samhliða sætum skal vera gott. Pláss fyrir hjólastól þarf að vera a.m.k. 800mm breitt og 1.400mm langt. Hjólastólar skulu einnig snúa fram. Rekstrarvagn þarf að vera útbúinn með a.m.k. 4 dyrum. Innstigshæð og möguleg þrep þurfa að vera eins lág og hægt er, hámarkshæð þreps er 300mm en æskileg hæð er 250mm. Dyröppun þar sem lyfta eða rampi er staðsett þarf að lágmarki að vera 900mm breiðar og 1.700mm háar. Hæð frá gólfi rekstrarvagns til lofts þarf að lágmarki vera 1.800mm. Viðbótarpláss þarf að vera í rekstrarvagni sem rúmar að lágmarki eina göngugrind, helst fleiri.

Æskilegt er að innrétting rekstrarvagns sé sveigjanlega samanber „Smartfloor“ lausn sem AMF-Bruns býður upp á, sjá dæmi hér: <http://www.amf-bruns-behindertenfahrzeuge.de/products/smartfloor/>

2.2 Rekstrarvagn af gerð II: Hjólastólabifreið

Rekstrarvagn skal taka að a.m.k. einn farþega í hjólastól og þrjú farþega í sæti. Heimilt er að hafa farþegasæti fellanleg til þess að koma fyrir hjólastól/um. Pláss fyrir hjólastól þarf að vera a.m.k. 800mm breitt og 1400mm langt. Öll sæti skulu snúa fram og aðgengi að samhliða sætum þarf að vera gott. Rekstrarvagn þarf að vera útbúinn með a.m.k. 4 dyrum. Innstigshæð og möguleg þrep skulu vera eins lág og hægt er, hámarkshæð þreps er 300mm en æskileg hæð er 250mm. Rekstrarvagn skal geta tekið við farþegum í hjólastól sem að hámarki er, að farþega meðtöldum, 850mm á breidd og 1.450mm á hæð, og hæð milli gólfs og lofts rekstrarvagns þarf að lágmarki vera 1.700mm. Viðbótarpláss þarf að vera í rekstrarvagni sem rúmar að lágmarki eina göngugrind, helst fleiri.

Æskilegt er að innrétting rekstrarvagns sé sveigjanlega samanber „Smartfloor“ lausn sem AMF-Bruns býður upp á, sjá dæmi hér: <http://www.amf-bruns-behindertenfahrzeuge.de/products/smartfloor/>

2.3 Rekstrarvagn af gerð III: 9 farþega

Rekstrarvagn skal vera skráður fyrir a.m.k. 9 farþega (fyrir utan bílstjóra). Rekstrarvagn þarf að vera útbúinn með a.m.k. 4 dyrum. Innstigshæð og möguleg þrep skulu vera eins lág og hægt er, hámarkshæð þreps er 300mm en æskileg hæð er 250 mm. Aðgengi að samhliða sætum þarf að vera gott. Farangursrými í ökutækinu þarf að lágmarki að rúma eina göngugrind, helst fleiri.

2.4 Rekstrarvagn af gerð IV: 4 farþega

Rekstrarvagn skal vera skráður fyrir a.m.k. 4 farþega (fyrir utan bílstjóra) og vera það rúmt að 3 farþegar geti setið þægilega í aftursæti. Rekstrarvagn þarf að vera útbúinn með a.m.k. 4 dyrum. Innstig skal vera án þrepa og innstigshæð, mæld hæð frá jörð og upp að hæsta punkti sem þarf að yfirstíga til að komast inn í ökutækið, þarf að vera minni en 400mm. Farangursrými í ökutækinu þarf að lágmarki að rúma eina göngugrind, helst fleiri.